

Fundargerð:

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til 7. fundar þann 12. janúar 2026 kl. 10:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Eva Sigurjónsdóttir, Árneshreppi
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Umræður um stöðu verkefnis

Finnur greinir frá því að enn sé beðið eftir svörum frá innviðaráðuneytinu í kjölfar fundar verkefnishópsins með innviðaráðherra og erindis sem verkefnishópurinn sendi á innviðaráðherra í kjölfar fundar.

Tímalína verkefnisins miðar við að formlegar viðræður væru þegar hafnar en sú tímalína hefur ekki gengið eftir þar sem beðið er með ákvörðun um áframhaldandi viðræður þar til svör hafa borist frá innviðaráðherra.

JHF falið að ítreka beiðni um svör við erindi til ráðuneytis. Finnur mun hafa samband við ráðuneyti og skýra frá stöðu verkefnisins og upplýsa um að beðið sé með ákvörðun um áframhaldandi sameiningarviðræður þar sem svör við erindi hafi ekki borist.

Samþykkt að aukafundur verði boðaður hjá verkefnishópnum ef svör berast frá ráðuneytinu.

2. Annað

Ráðgjafar KPMG leggi lokahönd á skýrslu verkefnishópsins um óformlegar sameiningarviðræður og vinni áfram með verkefni til undirbúnings sameiningar.

Fundi slitið kl. 10:50.